



FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS
Horgartún 18 · 105 Reykjavík · Sími 562 9933 · Fax 562 9934



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS
Sætni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbréf 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. **P 136/1496**
komudagur **26.3.2009**

Reykjavík 26. mars 2009.


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, 429. mál.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 429. mál. Frumvarpið er lagt fram af sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis. Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands lýsa furðu sinni á því að sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd sjái ekki ástæðu til að leita álits frá framangreindum samtökum um efni frumvarpsins. Til að upplýsa nefndarmenn sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar þá eru framangreind samtök m.a. í hagsmunagæslu fyrir sjómenn á fiskiskipum. Breytingar á lögum um stjórn fiskveiða hafa eðli máls samkvæmt áhrif á kjör og afkomu sjómanna á fiskiskipum og því fordæma samtökin nefndina fyrir að hunsa þau með framangreindum hætti.


Varðandi frumvarpið sjálf er þetta að segja:

Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands telja að allir sem hafa atvinnu af fiskveiðum með beinum eða óbeinum hætti eigi að hafa aflamark/krókaafلامark fyrir þeim afla sem veiddur er af kvótabundnum tegundum. Fáir einhver að telja afla utan aflamarks er ljóst að þann afla þarf að taka af öðrum. Því hafna samtökin 1. tölulið 4. mgr. og 2. málslíð 2. töluliðar 4. mgr. í 2. grein frumvarpsins þar sem ráðherra er gefið sjálfðæmi um að ákveða hve mikill hluti aflans teljist ekki til aflamarks. Þó að í fyrstu atrennu sé ekki um mikið magn að ræða er ljóst að ákvæði sem þetta er fljótt að vinda upp á sig. Ljóst er að afli sem veiddur er utan kvóta með framangreindum hætti verður fyrir en síðar tekinn af sjómönnum sem hafa atvinnu af fiskveiðum. Það geta samtök sjómanna ekki sætt sig við og hafna því framangreindri aðferðafræði sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi frístundaveiðar í tengslum við ferðaþjónustu.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson

f.h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,


Guðjón Ármann Einarsson